

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 25/2014

2014/EES/42/22

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/2045/ESB frá 17. apríl 2013 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774 að því er varðar skimum vökva, úðaefna og gels á flugvöllum í Evrópusambandinu.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/4180/ESB frá 9. júlí 2013 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar flugfarm og flugpóst.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirlíðir bætist við í lið 66hf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774 lokaútg.) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32013 D 2045:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/2045/ESB frá 17. apríl 2013 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774 að því er varðar skimum vökva, úðaefna og gels á flugvöllum í Evrópusambandinu,
- **32013 D 4180:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/4180/ESB frá 9. júlí 2013 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar flugfarm og flugpóst.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.